

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
21.09.22	17:00	HT 102	3
Fundarboðandi Rebekka Karlsdóttir	Fundarritari Guðmundur Ásgeir Guðmundsson		Dags. rituð 21.09.22
Fundaraðilar mættir			

Félagsvíndasvið:

Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)
 Viktor Ágústsson (Röskva)
 Dagur Kárason (Vaka)
 Diljá Ingólfssdóttur (Röskva)
 Líney Helgadóttir fyrir Elías Örn Torfason (Röskva)

Heilbrigðisvíndasvið:

Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva)
 Sigríður Helga Olafsson (Röskva)
 Andri Már Tómasson (Röskva)

Hugvísindasvið:

Rakel Anna Boulter (Röskva)
 Draumey Ósk Ómarsdóttir (Röskva) *Teams*
 Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)

Menntavísindasvið:

Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)
 Ísak Kárason (Röskva)
 Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)
 Friðrik Snær Björnsson fyrir Sigurbjór **Magga** Snorrason (Röskva)
 Dagmar Óladóttir (Röskva)

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)
Erna Lea Bergsteinsdóttir
Telma Rut Guðbrandsdóttir
Afomia Mekonnen
Birkir Örn Þorsteinsson (Teams)
Alma Ágústsdóttir
Katrín Björk Kristjánsdóttir

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvíndasvið:

Heilbrigðisvíndasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið: Ísak Kárason

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 21. september 2022 í HT-102 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on March 10th 2022 in L-102 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25

Announcements and issues ahead

4. Skýrsla um Októberfest SHÍ 2022 (kynning og umræður) 17:25-17:40

Report on SHÍ's Oktoberfest 2022 (presentation and discussion)

5. Verkefnið Góð kennsla (kynning og umræður) 17:40-17:50

The project "Góð kennsla" (presentation and discussion)

Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-23 (Atkvæðagreiðsla) 17:50-18:05

Vote/Approval on the Student Councils Budget 2022-2023

6. Hlé 18:05-18:15

Intermission

7. Niðurstöður stefnumótunarferðar - framkvæmdaáætlanir fastanefnda 18:15-18:55

(umræður og atkvæðagreiðsla)

Vote on the Student Council's committees implementation plans

8. Siða- og jafnréttisreglur Stúdentaráðs 2022-2023 og viðbætur við verklagsreglur ráðsins (atkvæðagreiðsla) 18:55-19:05.

Vote/Approval for the Student Council's code of practice 2022-2023

9. Önnur mál 19:05-19:15

Other issues

10. Bókfærð mál

Recorded issues

11. Fundi slitið 19:15

Meeting ends

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

Athugasemdir: engar

Atkvæðagreiðsla

16 samþykk,

Fundargerð samþykkt

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25

Announcements and issues ahead

- a. **Kick-off vikan & Októberfest** - Októberfest gekk mjög vel, stærsta hátiðin sem hefur verið haldin og sú hátið sem hefur gengið hvað best. Gott veður og góðir straumar. Smitten-laugin og Ölympíuleikarnir fóru fram úr öllum væntingum, mjög vel mætt og mikil stemning. Fjölskylduskemmtun SHÍ var haldin af fjölskyldunefnd laugardaginn 2. september og gekk vel. Mikið álag hefur verið á fólkini okkar sem stóð sig svo vel í að láta hátiðina verða að veruleika og eiga öll sem komu að stórt hrós skilið.
- b. **Nýnemadagar HÍ** - Nýnemadögum er lokið. Hlutverk SHÍ á nýnemadögunum var að manna upplýsingaborð alla vikuna frá kl. 10-14, halda græna nýnemadaginn þann 6. september sem Umhverfis- og samgöngunefnd stóð fyrir, taka yfir Instagram Háskólans þann sama dag, Félagslífs- og menningarnefnd stóð fyrir nýnema fótboltamóti í skeifunni fyrir framan Aðalbyggingsuna þann 8. september og föstudaginn 9. september fengu styrktaraðilar SHÍ að vera með kynningarbása á Háskólatorgi. Nokkuð rólegri nýnemavika en undanfarin ár en tókst þó vel.
- c. **SHÍ-félagsskírteini, afslættir fyrir stdenta** - Skráning er komið í loftið á síðunni okkar, student.is! Næsta skref er að klára að staðfesta afslættina og auglýsa kortið enn betur. Varaforseti hefur verið að hafa samband við hin ýmsu fyrirtæki og farið á leit við þau að bjóða stúdentum upp á afslátt og gengur það vel.
- d. **Stúdentaráðsfundir út haustmisserið** - Þriðjudagur 25. október, Miðvikudagur 16. nóvember, Fimmtudagur 15. desember. Minnt að setja í forgang.
- e. **Hjólað í háskólann** - breyttar dagsetningar, mun hefjast þann 22. september og standa yfir til 6. október. Framkvæmda- og tæknisvið HÍ í samstarfi við ÍSÍ sjá um tæknilegu hljiðina á átakinu en Umhverfis- og samgöngunefnd í samstarfi við skrifstofu Stúdentaráðs mun sjá um að redda vinningum og auglýsa meðal nemendafélaga. Hvert nemendafélag verður skráð sem „vinnustaður” og munu keppa sín á milli.

- i. Mögulega skrá SHÍ sem þáttakanda, flestir ætla að taka þátt. Í vinning verður Hopp víso. Forseti hvetur til virkari og umhverfisvænni ferðamáta.
 - f. **Samstarfssamningar Stúdentaráðs við fyrirtæki** - Skrifsað hefur verið undir samstarfssamninga við Nova, Landsbankann og Orkusöluna.
 - g. **Vísindaferðir í Stúdentaráð** - Farið yfir stöðu mála á skipulagningu þeirra.
 - i. Fimmtudagurinn 29.sept - MVS
 - ii. Fimmtudagurinn 6.okt - VoN
 - iii. Föstudagurinn 7.október - HUGS
 - iv. Fimmtudagurinn 13.okt; HVS
 - v. Fimmtudagurinn 20. Okt: FVS
 - vi. Vísindaferðirnar eru hugsaðar eins og seinstu ár. Örstuttar kynningar, leikir, happdrætti og Kahoot. Nova mun styrkja um áfengi. Forseti spyr sal um spurningar og hvetur alla til að koma með hugmyndir ef einhverjar eru. Gott tól til að koma okkar starfsemi á framfæri.
 - h. **Stjórn Stúdentaráðs** - fundaði 14. september sl. Farið yfir fund stjórnar.
 - i. Farið yfir Októberfest og fleiri fréttir
 - i. **Myndataka** af Stúdentaráðs-hópnum gekk vel. Forseti hvetur viðstadda endilega að nota þessar myndir í öllu í tengslum við SHÍ. Muna taka fram að Sara Þórhallsdóttir tók myndirnar.
 - j. **Fjármagn til háskólans** - við fyrstu sýn virðist fjármagn til háskólastigsins skerðast talsvert í fjárlögum. Skrifstofa Stúdentaráðs fylgist grannt með málunum og munum við passa upp á upplýsingaflæði til Stúdentaráðs.
 - k. **Fundur með rektor** - Nýr samsstarfssjóður háskólanna ræddur - 2 milljarðir. Lítið vitað á þessu stigi. Farið yfir Októberfest.
 - l. **Praktísk atriði** - Forseti minnir á að undir skiptafundur er skjal sem heitir praktísk atriði fyrir nýja stúdentaráðsliða. Ítarlegra heldur en skjalið sem heitir almennar upplýsingar og handbók stúdentaráðsliða. Ýmislegt um tillögur, bókanir og alls kyns önnur praktísk atriði. Alltaf velkomið samt að hafa samband.
4. Skýrsla um Októberfest SHÍ 2022 (kynning og umræður) *17:25-17:40*
- Report on SHÍ's Oktoberfest 2022 (presentation and discussion)*
- a. Forseti Stúdentaráðs fer yfir skýrslu um hátíðina.
 - b. Það á eftir að koma fleira inn í skýrsluna. Þetta er bara kynning svo engin atkvæðagreiðsla þörf.
 - i. Andri: Verður skýrslan birt opinberlega?
Rebekka: Já sem partur af árskýrslunni.
- Viðstaddir klappa fyrir skýrslunni og Októberfest.*

5. Verkefnið *Góð kennsla* 17:40-17:50 (kynning og umræður)

The project “Góð kennsla” (presentation and discussion)

- a. Erna Lea Bergsteinsdóttir, kynnir verkefnið og heimasíðuna „*Góð kennsla*“, sjá hér:

<https://godkennsla.hi.is/>

i. Þetta er síða þar sem nemendur geta farið inn á og skrifað hvað þeim finnst vera góð kennsla. Við vildum kortleggja góða kennsluhætti og þetta er leiðin til þess. Margrét Sigrún innleiðingarástjóri HÍ26 á FVS leiðir umsjón verkefnisins, fengu styrk til að vinna þetta áfram í sumar. Við ræddum kennslukannanirnar sem eru oft ótraustvekjandi þar sem stundum líður manni eins og þær enda bara út í cosmo-sinu án áhrifa. Inn á þessari síðu er hægt að sjá færslu strax þannig þetta er mjög gagnvirkur og góður vettvangur til að koma skoðun sinni á kennslu á framfæri. Við vildum sýna ykkur þetta þar sem við höfum sameiginlegra hagsmuna að gæta sem stúdentar. Erna hvetur líka viðstadda um að koma með gagnrýni eða hugmyndir um þetta. Stefnt að koma þessu af stað í október.

ii. Opnað fyrir spurningar og umræður.

iii. Andri: Þegar þetta kemst í gang, verður einhver á öðrum endanum að samþykkja færslurnar?

Erna: Já og ég tel það líklegt að það verði ég. Þetta hefur verið prófað og þetta var einmitt vandamál þá og það er alltaf hætta á neikvæðni á svona vettvang en við einblínum á jákvæðu hliðina á þessu.

Lilja: Hvernig mun þetta koma til með að nýtast kennurum?

Erna: Þetta verður eins konar safn sem að kennrarar geta leitað í. Oft er þetta líka eitthvað sem kennrarar eru ekki alveg vissir með og geta checkað á. Við verðum dugleg að deila þessu inn á hópa og annað.

Brynhildur: Eruð þið búin að vera í sambandi við kennsluakademínua?

Erna: Ég er ekki klár á því en Margrét Sigrún er í akademíunni þannig ég geri ráð fyrir því

Andri: Verður hægt að sía færslurnar eftir því hvaðan þetta kemur?

Erna: Já, ég býst við að það komi fram í greininni sem stefnt er að því að gefa út.

Rakel Anna: Snýr þetta bara að Háskóla Íslands?

Erna: Það er engum bannað að taka þátt þótt við höfðum upprunalega fókusinn á HÍ og FVS. Öllum er velkomið að taka þátt. Það er t.d. okkur í hag ef eitthvað jákvætt er að gerast í HR og við fréttum af því í gegnum þetta.

Diljá: Er það nýta þetta samhliða kennslukönnunum? Þar sem þátttakan er svo léleg í þeim?

Erna: Nei, þetta er hugsað algjörlega óháð kennslukönnunum. Erna bætir því við að það megi alltaf senda á hana, það væri gegjjað að fá samstarf.

Klappað fyrir Ernu sem yfirgefur fundinn.

Afomia Mekonnen *Mætti 17:45*

6. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2022-23 (Atkvæðagreiðsla) 17:50-18:05

- a. Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs kynnir fjárhagsáætlun Stúdentaráðs fyrir starfsárið.
 - i. Framkvæmdastjóri fer yfir ástæður þess að fjárhagsáætlun er að koma svona seint á starfsárinu, kjarasamningar og aðrir samningar sem höfðu áhrif en línum farnar að skýrast núna. Þetta er okkar tól til að sjá hvernig fjármálin standa.
 - ii. Breyting og einföldun á framsetningu, allt sundurliðað. Helstu breyturnar sem gætu haft mikil áhrif eru td þjónustusamningur við LÍN og Októberfest - eignum eftir að fá uppgjörið þar
 - iii. Fátt nýtt frá fyrri árum - nokkrum hlutum breytt, bætt við td RHI fastagjald (aðgangar að menntaskýinu, fyrir þau sem eru ekki nemendur lengur, 3 aðgangar)
 - iv. Opið fyrir spurningar og umræður.
 1. Rakel Anna: hlynnt einfaldleika, takk - er að pæla í stórri tölu sem fór í ársreikningagerð í fyrra, er hún eins stór í ár?
Guðmundur: Skrifstofan hefur tekið hluta af því að sér og því lækkar þessi tala töluvert.
 2. Andri: Hvað eru þessar matarskuldir til FS?
Guðmundur: Þetta fer í gegnum launin, þegar starfsfólk skrifstofunnar skrifar á sig - fjárhæð sem hefur verið dregin af launum starfsfólks en á eftir að greiða til FS frá fyrri skrifstofu.
 3. Rakel Anna: Hvernig var með aðildargjöld til LÍS?
Rebekka: Þau voru lækkuð og eru nú töluvert lægri.
 4. Rebekka minnir á að staðan á fjárhagsáætluninni verður kynnt fyrir ráðinu reglulega yfir starfsárið.

Atkvæðagreiðsla

16 samþykkt,

Fjárhagsáætlun SHÍ 2022-2023 samþykkt.

7. Hlé 18:05-18:15

Intermission

8. Niðurstöður stefnumótunarferðar - framkvæmdaáætlanir fastanefnda 18:15-18:55

(umræður og atkvæðagreiðsla)

Vote on the Student Council's committees implementation plans

a. Alþjóðanefnd / International Affairs Committee

Alma Ágústsdóttir kynnir

Margt af þessu er farið af stað og er gegnumgangandi vinna yfir árið og sumt er eitthvað sem er búið að gera áður og er endurtekið árlega. Kennsluhættir - t.d. tryggja orðabækur. Sérstakur kafli um samstarf ESN - Hvar strandaði þetta? Alma mun reyna sitt besta að endurvekja þetta til að veita stúdentum stuðning. Hópferðir út á land ekki í boði svo árum skiptir en við ætlum að reyna að koma því aftur í gang fyrir alþjóðanema sérstaklega

- i. Sigríður: Hvernig sérðu fram á við getum breytt sérúrræðum vegna tungumálaörðugleika.

Alma: Þetta er vissulega stórt vandamál. Hefur verið reynt trekk í trekk en vonandi mun eitthvað gerast á endanum. Við þurfum stuðning frá Rektorsskrifsstofu.

Atkvæðagreiðsla

16 samþykk,

Framkvæmdaráætlun samþykkt

b. Fjármála og atvinnulífsnefnd / Financial and Economic Affairs Committee

Birkir Örn Þorsteinsson kynnir á Teams

Halda áframa góðu samstarfi við NSHÍ. Tengslatorgið rætt. Það er eitthvað sem við viljum kynna almennilega. Að nemendur viti að þeir hafi aðgang að því. Auka fræðslu - basic. Mjög einfalt og stílhreint inni á síðunni. Icelandair búin að hafa samband við mig til þess að kynna eitthvað fyrir aðra stúdenta eins og ný og laus störf og önnur fyrirtæki gætu gert slíkt hið sama. Hvetja fyrirtæki til þess að auglýsa eftir starfsnámi og svo atvinnudagarnir sjálfir Brynhildur: hvernig sjáið þið fram á að auglýsa starfsnám ef sviðin eru ekki tilbúin að taka við. Birkir: Tengslatorgið, en varðandi einingar þá er það bara sérstakt fyrir hvert skipti og lítið sem ég stjórna í því

Atkvæðagreiðsla.

16 samþykk,

Framkvæmdaráætlun samþykkt

c. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd / Innovation and Entrepreneurship Committee

Telma Rut Bjargardóttir kynnir

Mikið samstarf við Klak varðandi Gulleggið. Hafa augun opin fyrir mögulegum

styrkjum. Fjölda viðburðum fyrir nemendur þar sem áherslan er lögð á nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi. Kynna sjóði og fjármögnunarmöguleika - hvert geta nemendur leitað til ef þeir eru með hugmyndir o.s.frv. Þetta verður auglýst á samfélagsmiðlum og markmiðið er að hafa þetta skýrt. Það geta allir verið hluti af nýsköpun!

Atkvæðagreiðsla
16 samþykk
Framkvæmdaráætlun samþykkt

d. Lagabreytinganefnd / Amendments Committee

Lilja Hrönn kynnir

- i. Við sáum ekki þörf fyrir að hafa aðgerðir þar sem lítið er um þær. Við breytum í raun bara lögum. Öll nefndin ábyrgðaraðilar. Þetta eru ekki tæmandi breytingar en þetar eru þær breytingar sem við sáum í fljótum bragði. Það er alltaf hægt að leita til nefndarinnar. Við ætlum líka að auglýsa eftir 5. nefndarmeðlimir.
- ii. Andri: Er lagabreytingarnefnd ekki með viðveru á samfélagsmiðlum - til að auglýsa að lögum hafi verið breytt?
Lilja: Lagabreytingarfundurinn er auglýstur tryggilega og við töldum okkur ekki þörf á sérstökum auglýsingum þar sem að allt kemur fram á þessum fundi.
Líney: Ef engar umsóknir berast, er nauðsynlegt að hafa 5. meðliminn?
Lilja: Já það er í lögunum að hafa 5. meðliminn. Við þyrftum mögulega að pikka í einhvern.

Atkvæðagreiðsla
16 samþykk
Framkvæmdaráætlun samþykkt

9. Siða- og jafnréttisreglur Stúdentaráðs 2022-2023 og viðbætur við verklagsreglur ráðsins (atkvæðagreiðsla) 18:55-19:05.

Code of practice of the Student Council

- a. [Siða- og jafnréttisreglur SHÍ](#) ásamt smávægilegum breytingum á [verklagsreglum Stúdentráðs](#) fyrir starfsárið 2022-2023 bornar upp til samþykktar.
- b. Forseti opnaði fyrir umræður, athugasemdir, ábendingar.
 - i. Það barst ein athugasemd er varðaði málfar.

Atkvæðagreiðsla um siða- og jafnréttisreglur SHÍ

16 samþykk

Siða- og jafnréttisreglur SHÍ samþykktar

Atkvæðagreiðsla um viðbætur á verklagsreglum SHÍ

16 samþykk

Uppfærslur á verklagsreglum Stúdentaráðs samþykktar

10. Önnur mál 19:05-19:15

Other issues

- a. Okkur barst tillaga sem krefst kosningar
- b. Kosning um að taka tillöguna fyrir
16 samþykk
- c. Tillagan er því borin upp.
- d. Dagmar og Lilja mæla fyrir henni

*Stúdentaráðsfundur
21. september 2022*

- T I L L A G A -

um að Félagsstofnun stúdenta leggi aukna áherslu á vegan úrval í Hámu

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð óski eftir við Félagsstofnun stúdenta að einu sinni í viku verði einungis boðið upp á vegan heitan rétt og súpu á sölustöðum Hámu **og jafnframt að vegan úrval verði aukið almennt.**

- R Ö K S T U Ð N I N G U R -

Félagsstofnun stúdenta (FS) er með afar gott vegan úrval í Hámu og sinnir þannig sístækkandi hópi þeirra sem vilja takmarka neyslu dýraafurða. Hér er lagt til að FS taki þátt í að stuðla að því að fleira fólk neyti meira grænkerafæðis dags daglega, með því að bjóða ekki upp á kjötvalkost sem heita rétt dagsins einu sinni í viku. **Auk þess ýtir fjölbreyttara úrval á köldum réttum undir frekari neyslu, sérstaklega af hendi þeirra sem velja vegan valkostinn oft eða alltaf.**

Mikilvægt er að vegan matur sem boðið er upp á uppfylli sömu skilyrði og aðrir valkostir hvað varðar næringargildi. Þannig er mikilvægt að vegan útgáfa af kjötrétt sé ekki einungis án kjötsins heldur þarf að finna annan próteingjafa í stað kjötsins. Einnig væri óskandi að meira úrval á millimálum væri vegan.

Rannsóknir sýna að eitt það helsta sem fólk getur gert til þess að sporna gegn hnattrænni hlýnum er að minnka neyslu okkar á mjólkurafurðum og kjöti. Það að sleppa neyslu dýraafurða, þó ekki sé nema einn dag í viku skiptir máli í baráttunni gegn loftslagsvánni.

FS tók þátt í græna nýnemadeginum, sem fram fór þann 6. september sl., m.a. með því að bjóða einungis upp á vegan heitan rétt og súpu í Hámu, sem og að auglýsa vegan mat sérstaklega á Stúdentakjallaranum. Þátttaka FS í græna nýnemadeginum sýndi að hægt er að framkvæma grænan dag vikulega.

Háskólinn, og allar þær stofnanir sem rúmast innan hans, eiga að sýna gott fordæmi þegar kemur að því að hvetja fólk til að lifa umhverfisvænum lífsstíl. Stór hluti af því að sýna gott fordæmi er að auka sýnileika, sem vikulegur grænn dagur væri skref í átt að. Tillaga þessi miðar að því að gefa forystu Stúdentaráðs aukið umboð í samtali sínu við FS um breytingar til hins betra í þágu umhverfisins.

*Dagmar Óladóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ
Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, oddviti Röskvu
Stúdentaráðsfundi 21. september 2022*

- e. Opið fyrir mælendaskrá
 - i. Auður: Myndi þetta eiga við allar byggingar? Það er aldrei vegan í Stakkahlíð Rakel: Ætti mögulega að berjast fyrir að hafa þetta í öllum byggingunum.

Brynhildur: Eldhús FS er staðsett hér. Er ekki allur maturinn eldaður hér og keyrður út? Ætti ekki að vera vandamál þar sem þetta er keyrt út hvort sem er.

- ii. *Breyting á tillöggunni rædd* - Rakel Anna: Ég legg til breytingu að bæta við úrval á köldum réttum á vegan og að pælt yrði í næringargildi. Af hverju að halda í einfaldleikann ef það er hvort sem er verið að bera þetta fram. Þurfum við aðra tillögu eða bara eina góða til að taka þetta allt með trompi?
- Dagmar: Jú, þetta er góð og gild pæling
- Sigga: Væri kannski hægt að hafa aðra þætti innlimaða eins og ‘takast á matarsóun’. Væri hægt að hafa það inn í?
- iii. Forseti leggur til 5 mínútna fundarhlé svo að mælendur tillögunnar og mælandi breytingartillögunnar geti borið saman bækur sínar.
- Atkvæðagreiðsla um fundarhlé
- 16 samþykk
- 5 mínútna fundarhlé samþykkt.

Fundur hefst aftur 19:10

- iv. Rakel Anna les upp bókun er varðar tillöguna: „Ég fagna því mjög að aukið sé við vegan úrval í Hámu og þætti mér persónulega mega grípa til róttækari aðgerða í þeim eftum. Auk þess að vera vistvænni valkostur ýtir vegan fæði undir siðferðislega vitundarvakningu. Á sama tíma og mikilvægt er að hver og einn einstaklingur sé vakandi fyrir afleiðingum sinna gjörða á umheiminn þurfum við að horfa á stór vandamál eins og loftslagsvánna í stóru samhengi. Það þarf að þrýsta á fyrirtæki og stofnannir frekar en neytendur til að leita lausna, eins og verið er að gera í þessari tillögu.“

Ítarlegri umræður um tillöguna má nálgast á upptöku.

Í fundarhléinu var samþykktu tillöguberar breytingartillögur Rakelar Önnu (merktar með rauðu) og var því gengið til atkvæðagreiðslu um tillöguna í heild sinni.

- v. Atkvæðagreiðsla
- 15 samþykk
- 1 situr hjá
- Tillagan er því samþykkt.

11. Bókfærð mál

Recorded issues

- a. Nýr fulltrúi í lagabreytinganefnd SHÍ

Embla Blöndal hefur sagt sig úr lagabreytinganefnd SHÍ. Í hennar stað tilnefnir Vaka Arent Orra Jónsson.

12. Fundi slitið 19:15